

Velferð nemenda

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Desember 2011

Grundaskóli - Fjölskyldustofa Akraneskaupstaðar

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Grunnupplýsingar	2
Markmið verkefnis	2
Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðunum	2
Millimenningarfræðsla	2
Námskeið fyrir kennara á unglingastigi ásamt starfsfólki Þorpsins	3
Mannréttindafræðsla fyrir nemendur	4
Fundur um millimenningu með foreldrum barna af erlendum uppruna í leik- og grunnskólum	5
Samvinna verkefna	6
Verkefnið „Gaman saman“	6
„Brjótum múra“ ráðstefna haldin 4. og 5. nóvember 2011.	6
Fræðslunefnd Knattspyrnufélags ÍA – vinna við gæðamat	7
Frávik miðað við áætlun verkefnisins	8
Helstu hindrarnir sem komu upp við vinnu verkefnisins	8
Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið	8
Mat á verkefninu samkvæmt umsókn	9
Niðurstöður verkefnisins	9
Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum	10
Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um	10

Grunnupplýsingar

Nafn skóla: Grundaskóli

Nafn verkefnisins: Velferð nemenda

Nafn verkefnisstjóra: Svala Hreinsdóttir verkefnisstjóri Fjölskyldustofu

Markmið verkefnis

- Að stuðla að velferð allra nemenda í grunnskólum
- Að stuðla að gagnkvæmri aðlögun nemenda af erlendum uppruna og íslenskra nemenda í grunnskólanum
- Nýta bjargir í grenndarsamfélaginu til að auðvelda gagnkvæma félagslega aðlögun nemenda af erlendum uppruna og íslenskra nemenda
- Kennarar og annað starfsfólk grunnskólans auk starfsfólks Þorpsins frístundaheimilis og íþróttafélagsins ÍA fái kynningu á millimenningarfræðslu og leiðbeiningar um hvernig hægt er að stuðla að gagnkvæmri aðlögun og efla félagsleg tengsl nemenda af erlendum uppruna og íslenskra nemenda
- Efla vitund kennara, starfsfólks Þorpsins, starfsfólks íþróttafélagsins ÍA, nemenda og foreldra grunnskóla nemenda á kostum fjölmenningslegs samfélags
- Að finna áhrifaríkustu leið til gagnkvæmrar aðlögunar nemenda af erlendum uppruna og íslenskra nemenda

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðunum

Verkefnið var unnið í samvinnu Fjölskyldustofu Akraneskaupstaðar, Brekkubæjarskóla, Grundaskóla, Þorpsins, félagsmiðstöðvar, ÍA og Akranesdeildar Rauða kross Íslands. Farnar voru ýmsar leiðir til að ná markmiðum verkefnisins. Í allri vinnu við verkefnið var einblínt á grunn- markmið þess „Velferð allra nemenda í grunnskólum“.

Millimenningarfræðsla

Eitt af markmiðum verkefnisins var að vera með fræðslu um millimenningu, fyrir ólíka aðila sem koma að málefnum barna og fjölskyldna þeirra og veita leiðbeiningar um það hvernig hægt er að stuðla að gagnkvæmri aðlögun allra að breyttu samfélagi. Slíkt námskeið var haldið fyrir starfsfólk Akraneskaupstaðar (og starfsfólk grunnskólanna) auk þess sem aðilum úr grenndarsamfélaginu var boðin þátttaka s.s. íþróttahreyfingunni. Námskeiðin voru unnin í samvinnu við Guðrúnu Ragnarsdóttur sem er „Pestalozzi

Trainer for Training Trainers“ en hún á að baki tveggja ára Teacher Trainer námskeið hjá Evrópuráðinu. Guðrún hefur samið kennsluefni (Training Unit) fyrir kennaranám á sviði menntunar til lýðræðis og mannréttinda undir heitinu „Staðalímyndir og fordómar“. Guðrún er sérfræðingur (2009-2011) í þriggja ára verkefni um millimenningafræðslu (Intercultural Education) á vegum Evrópuráðsins á Balkanskaganum. Guðrún er einnig í nefnd sem hefur það hlutverk að innleiða Pestalozzi með markvissari hætti á Íslandi og er í sérfræðiteymi Pestalozzi um framþróun hugmyndafræðinnar.

Markmið námskeiðsins hjá henni var að starfsfólk Akraneskaupstaðar og grenndarsamfélagsins:

- öðlist skilning á hugmyndafræði fjölmennningar /millimennningar
- öðlist skilning á mikilvægi gagnkvæmrar aðlögunar allra í Akranesbæ
- fá hugmyndir um hvernig efla megi félagsleg tengsl einstaklinga af erlendum og íslenskum uppruna
- sjái kosti fjölmenningarlegs samfélags
- fá tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri um þau atriði sem þarfnast breytinga í þessum málaflokki í bæjarfélaginu og komi með hugmyndir að umbótum

Þátttakendur á námskeiðunum voru um 130. Námskeiðin voru vel heppnuð og vöktu þátttakendur m.a. til umhugsunar um kosti fjölmenningarlegra samfélaga og hvað hver og einn íbúi getur gert til að vera þátttakandi í breyttu samfélagi. Unnið var með hugtökin útskýfun/samlögun, þátttakendur verði meðvitaðir um mismunandi tækifæri einstaklinga samfélagsins með því að setja sig í spor annarra samfélagsþegna, sýni hluttekningu, virði skoðanir og gildi annarra þjóðfélagsþegna og öðlist skilning á hugsanlegum persónulegum afleiðingum þess að tilheyra minnihlutahóp í samfélaginu.

Námskeið fyrir kennara á unglíngastigi ásamt starfsfólki Þorpsins.

Guðrún Ragnarsdóttir hélt einnig þetta námskeið og markmiðið með því var það sama og með fyrri námskeiðum, en farnar voru ólíkar leiðir í námskeiðinu með það að markmiði að kennarar gætu nýtt námskeiðið til að auka gagnkvæma aðlögun í grunnskólunum. Hugmyndafræði Pestalozzi var m.a. kynnt á námskeiðinu og unnið með staðalímyndir. Námskeiðið var vel heppnað en um 30 kennarar í báðum grunnskólunum á Akranesi tóku þátt í því. Auk þess var haldið námskeið fyrir kennara á unglíngastigi þar sem leikurinn Rafa rafa var kynntur. Anna Lára Steindal framkvæmdarstjóri Akranesdeildar RKÍ helt utan um þann þátt sem heppnaðist vel.

Mannréttindafræðsla fyrir nemendur

Fræðslan var unnin í samvinnu við Samfés, samtök félagsmiðstöðva á Íslandi.

Það voru þrjú samstarfsaðilar verkefnisins sem sóttu leiðbeinendanámskeið í Kompás, mannréttindafræðslu fyrir ungt fólk. Í kjölfarið var hafist handa við að undirbúa mannréttindafræðslu fyrir ungmenni í 8.-10. bekk. Annars vegar var unnið með ólíkan hóp nemenda á unglingastigi og ýmsum spurningum velt upp með þeim um aðlögun að breyttu samfélagi og félagslega aðlögun. Meðal svara nemenda við spurningunni „hvað er samfélag án aðgreiningar“ var: „Samfélag þar sem allir eru velkomnir“.

Hins vegar sóttu um 25 ungmenni á sama aldri fræðslu um Kompás námsefnið, mannréttindi fyrir ungt fólk. Á 10. bæjarstjórnarfundum unga fólksins á Akranesi var sérstök áhersla lögð á velferð allra nemenda í grunnskólum og mannréttindi. Loks var efnt til málþings um mannréttindi sem haldið var 1. desember sl. í félagsmiðstöðinni Þorpinu. Um 100 ungmenni sóttu málþingið auk Árna Múla Jónassonar bæjarstjóra á Akranesi. Sex ungmenni héldu framsögu um mannréttindi í sinni víðustu mynd en þó með sérstakri áherslu á málefni barna. Í kjölfarið tók við hópavinna þar sem unnið var með nokkrar spurningar er snúa að mannréttindum barna og tillögur settar fram um það hvernig hægt er að vinna að gagnkvæmri og félagslegri aðlögun allra að breyttu samfélagi.

Ágrip úr framsögum nemenda á málþinginu:

„Barnasáttmálinn er mjög mikilvægur samningur um réttindi barna. Í honum eru reglur um það hvernig eigi að koma fram við börn og unglinga og hvernig eigi að passa upp á að þau fái að njóta alls þess sem gerir þau hraust, ánægð og ábyrg. Börn þurfa á sérstakri vernd að halda. Fullorðna fólkið og þeir sem stjórna í landinu verða að gæta þess...“ // „Börn eiga að fá að tjá skoðanir sínar. Fullorðna fólkið á að hlusta og taka mark á skoðunum barna eins og t.d. ef foreldrar skilja á barnið að fá að segja hvar það vill frekar búa og foreldrarnir eiga að taka mark á því eða allavega reyna að gera allt til sem þau geta“ // „Hér á Akranesi höfum við til dæmis undanfarin ár tekið á móti mörgum innflytjendum og flóttafólki frá stríðshrjáðu landi. Í þessum hópum eru líka börn sem eiga rétt á góðu lífi eins og allir aðrir. Í skólanum okkar hefur verið vel tekið á móti börnum en við megum aldrei skilja neinn útundan og passa það að enginn verði fyrir einelti eins og gerist oft ef fólk talar ekki sama tungumálið og við. Við sem erum skólasystkini þessara barna þurfum að vera dugleg að fá þau með okkur í félagslífið og

leiki í frímínútum og annað sem um er að vera. Kompás námskeiðið var hluti af því að hjálpa okkur að vera ekki feimin við að kynnst hvort öðru og mynda vináttutengsl“.

//

„Eftir þetta námskeið fór ég að skilja betur hvað orðið mannréttindi þýðir. Ég er með tveimur innflytjundum í bekk. // Fyrst hélt ég að þau væru allt öðruvísi en við. En þegar ég fór að kynnst þeim eru þau mjög svipuð og Íslendingar. Fyrir utan móðurmál og þjóðerni. Þau eru með svipuð áhugamál og flest allir unglingar. Það er mjög gaman að spjalla við krakka sem eru frá öðru landi um menningu þeirra eða bara hvað þau hafa gaman af. Þú gætir lært eitthvað nýtt. Þegar þú hittir einhvern frá öðru þjóðerni prufaðu að spurja hann /hana um heimalandið sitt og hvernig er að búa þar. Ég vil líka að þið hugsið aðeins um hvernig að það væri að flytja til annars lands og kunna ekki tungumálið í viðkomandi landi og þú getur ekki talað móðurmálið þitt nema við fjölskylduna. Hugsið um það þegar þið komið heim.“

Málþingið tókst mjög vel en unga fólkið hafið mikið til málanna að leggja og lætur sig mannréttindi barna og ungmenna varða. Niðurstöður málþingsins verða kynntar og afhentar bæjaryfirvöldum auk þess sem þær verða gefnar út í sérstöku riti.

Fundur um millimenningu með foreldrum barna af erlendum uppruna í leik- og grunnskólum

Fundurinn var ágætlega sóttur og miklar umræður sköpuðust meðal foreldra um menningarmun og ýmis skólatengd mál. Fundurinn var vel heppnaður en skapaði um leið þörf fyrir annars konar fræðslu og tækifæri fyrir foreldra af erlendum uppruna til að hittast, fara betur yfir ýmis mál tengd skólum og mismunandi menningu milli landa.

Samvinna verkefna

Á sama tíma og verkefnið „Velferð nemenda“ stóð yfir var fjölmenningsverkefninu „Brjótum múra“, hleypt af stokkunum á Akranesi. „Brjótum múra“ var unnið í samstarfi Rauðakrossdeildarinnar á Akranesi, Akraneskaupstaðar, Velferðarráðuneytisins og Evrópusambandsins. Þessi tvö verkefni fléttuðust mjög mikið saman og var ákveðið að nýta samvinnuna til að gera enn betur. Meðal samvinnuverkefna var:

Verkefnið „Gaman saman“

Verkefnið var unnið í nánnum tengslum við lengda viðveru fyrir fatlaða nemendur í félagsmiðstöðinni Þorpinu og Akranesdeild RKÍ. Þrjú „Gaman saman“ námskeið voru á meðan á verkefninu „Velferð nemenda“ stóð. Það fyrsta var haldið haustið 2010, annað námskeið var haldið vorið 2011 og þriðja og síðasta haustið 2011.

Markmið „Gaman saman“ verkefnisins er að stuðla að auknum samskiptum og virkni barna í 5. -7. bekk, með því að bjóða upp á skipulagt tómsundastarf. Ólíkir hópar barna eru leiddir saman, þ.e. fatlaðir og ófatlaðir, nemendur af erlendum og innlendum uppruna. Nemendur sem lítið hafa tekið þátt í tómsundastarfi hingað til og nemendur sem standa félagslega höllum fæti. Skipulag „Gaman saman“ verkefnisins felst í því að halda stutt námskeið þar sem börnin hittast 2 sinnum í viku í 6 vikur og gera eitthvað skemmtilegt saman. Dæmi um námskeið voru: Legó námskeið, leiklistarnámskeið, íþróttanámskeið, trúðanámskeið, matreiðslunámskeið, listanámskeið. „Gaman saman“ verkefnið var mjög vel heppnað og kemur afar vel til móts við þennan ólíka hóp barna á þessum aldri. Námskeiðin voru mjög vel sótt og mikil ánægja meðal þátttakenda með þau.

„Brjótum múra“ ráðstefna haldin 4. og 5. nóvember 2011.

Markmið ráðstefnunnar var að efla samræðu um verkefni fjölmenningsamfélagsins og skapa vettvang fyrir aðila úr ólíkum áttum til þess að koma saman, hlusta hverjir á aðra og deila reynslu sinni.

Leitast var við að setja innflytjendamál og fjölmenningu í samhengi og skilja hvaða forsendur verða að vera til staðar eigi okkur að takast að nýta til fulls þá kosti sem menningarlegur fjölbreytileiki býður upp á og vinna vel úr þeim áskorunum sem fylgja. Það er á ábyrgð okkar allra að finna leiðir til þess að þróa

samfélag okkar á þann hátt að allir fái notið þeirra mannréttinda sem íbúum á Íslandi eru tryggð í stjórnarskrá og skapa samstöðu og einingu meðal þeirra sem samfélag okkar byggja. Aðalfyrirlesari ráðstefnunnar var Anna Kirova prófessor við Háskólann í Alberta í Kanada. Hún fjallaði m.a. um áskoranir í lífi fjölskyldna og barna innflytjenda og bjargir til stuðnings.

Á meðan dvöl Önnu stóð á Akranesi voru haldnir fundir með starfsfólki í leik- og grunnskólum, þar sem hún lagði t.d. áherslur á niðurstöður nýjustu rannsókna í Kanada um mikilvægustu atriðin sem þarf að hafa í huga í tengslum við börn innflytjenda, hvernig við getum sem best stutt foreldra og börn og boðið upp á haldgóða menntun. Með tilvísun í ummæli Önnu Kirovu um ráðstefnuna og þá vinnu sem fer fram á Akranesi er m.a. merki um það að ráðstefnan tókst vel og skilaði góðum árangri.

„The conference in Akranes was remarkable because, in spite of the country’s economic challenges, it brought together policy makers, researchers, immigrants and immigrant-service organizations in a fruitful, honest dialogue about the present and future of immigration in Iceland, its challenges, its successes and its future directions. In my view, Iceland sets an example for the rest of the world how, even in the most difficult economic times, a country can be considerate and caring in its approach to integration of immigrants and refugees in both meeting their needs and increasing their chances of success in the host society. I was particularly impressed by the effort made by the municipal government of Akranes in addressing the needs of these groups, and the attention paid to the school system as a vehicle of social change in the mainstream population of Iceland’s attitudes towards immigrants as well as the newcomer population’s appreciation of the Icelandic culture, language and tradition.“

Fræðslunefnd Knattspyrnufélags ÍA – vinna við gæðamat

Einn samstarfsaðili verkefnisins var ÍA, Íþróttabandalag Akraness. Í samvinnu við fræðslunefnd Knattspyrnufélags ÍA var undirbúningur hafinn að vinnu við gæðamat innan Knattspyrnufélags ÍA. Þeim hluta sem snýr sérstaklega að samskiptum og velferð þátttakenda/iðkenda. Tilgangur með gæðamati er m.a. að knattspyrnufélagið þarf að mæta ólíkum þörfum (einstaklinga, fjölskyldna, samfélag) og mikilvægt að mæta öllum iðkendum með tiltrú og sanngirni að leiðarljósi. Gæðamatið er vel á veg komið og í

undirbúningi er námskeið fyrir þjálfara, foreldra fulltrúa og starfsfólks um gæðamatið. Þessi vinna verður aðgengileg öllum aðildarfélögum ÍA.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Verkáætlun var sett í upphafi verkefnisins, en ýmis frávik voru frá þeirri áætlun s.s. vegna aðgengis að námskeiðshöldurum. Samstarfsaðilar leituðu lausna vegna þess og nýir þættir bættust við verkefnið, sem varð aðeins til að auka gæði þess.

Helstu hindrarnir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Við metum það svo að ekki hafi neinar hindranir komið upp við vinnu verkefnisins. Samvinna samstarfsaðila gekk mjög vel og þau frávik sem komu upp frá áætlaðri verkáætlun voru leyst með mikilli samvinnu og sátt allra aðila.

Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið

Það er mikill ávinningur að vinna svona verkefni í samstarfi við ólíka aðila. Með samvinnunni náðist m.a. að efla tengsl aðila, virkja íbúa til vitundar um breytt samfélag og efla nemendur enn frekar í mannréttindahugsjónum sínum. Samstarf allra aðila hefur eflst til muna í þessu verkefni og engar hindranir eru því við samstarfsverkefni á næstu misserum. Helsti ávinningurinn af verkefninu er sá að það heldur áfram þó því hafi formlega lokið með lokaskýrslu til Sprotasjóðs. Búið er að skipuleggja áframhaldandi vinnu við ólík samstarfsverkefni sem hófust formlega með verkefninu „Velferð nemenda“. Þessi verkefni eru s.s.

- Fundur með foreldrum pólskumælandi barna í samvinnu við pólskuskólann. Fyrirlesari verður Aleksandra Chlipala menningarsálfræðingur frá Póllandi og mun hún m.a. fjalla um menningarmun og mikilvægi móðurmálsins í tungumálanámi
- Áframhaldandi vinna með nemendum á unglingsstigi í tengslum við mannréttindafræðslu og gagnkvæmri aðlögun nemenda af erlendum uppruna og íslenskra nemenda
- Góð samvinna er við Skagaforeldra, ný stofnuð samtök foreldrafélaga í leik-, grunn- og framhaldsskólanum á Akranesi. Stefnt er á samvinnu í tengslum við ólíka menningarheima og aðlögun að breyttu samfélagi
- Vinna við gæðamat innan Knattspyrnufélags ÍA mun þróast áfram á næstu misserum

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Verkefnið mun hafa áframhaldandi áhrif á skólastarfið og nærsamfélagið í heild sinni. Kennarar og starfsfólk skóla auk annarra starfsmanna Akraneskaupstaðar og grenndarsamfélagsins, hafa verið vakin til umhugsunar um velferð allra nemenda í grunnskólum og breytt samfélag á Akranesi. Áhrif þessa verkefnis og samstafsverkefnisins „Brjótum múra“ hefur stuðlað að opinni umræðu um fjölmeningarsamfélag og málefni innflytjenda á Akranesi. Þátttakendur voru spurðir út í námskeið um menningarfræðslu og var það mat flestra að slík námkeið væru nauðsynleg til að vekja fólk til umhugsunar. Dæmi um umsagnir:

„Námskeiðið vakti mig til umhugsunar og nálgunin var að mínu mati mjög góð – ég komst að ýmsu um eigin viðhorf og hugsanir án þess að hreyfa legg né lið og án þess að segja nokkurt einasta orð. Það fannst mér magnað.“ // „Hlutverkaleikirnir voru sérstaklega skemmtilegir og vöktu mann til umhugsunar.“

Einnig veittu ummæli Önnu Kirovu um þá vinnu sem fram fer á Akranesi í tengslum við innflytjendamál samstarfsaðilum innplástur um að halda áfram á sömu braut.

Nemendur voru einnig ánægðir með þeirra framlag í þessu verkefni og að þeirra rödd skyldi fá að heyrast.

Niðurstöður verkefnisins

Verkefnið gekk vel í alla staði og voru samstarfsaðila virkir við að finna leiðir til að nýta alla jákvæða þætti og umræðu í umhverfinu og tengja við markmið verkefnisins velferð allra nemenda í grunnskólum.

Það er mat starfshópsins að markmið verkefnisins hafi náðst. Þátttakendur hafa verið vaktir til umhugsunar um velferð allra nemenda í grunnskólum, gagnkvæmri aðlögun að breyttu samfélagi, kosti fjölmeningarlegs samfélags og ýmsar leiðir nýttar til að auka aðlögun nemenda af erlendum uppruna og íslenskra nemenda.

Verkefnið mun áfram vinnast innan grunnskólanna á Akranesi. Áhersla á mannréttindi verður hluti af skólastarfinu á næstu misserum og aðlögun að breyttu samfélagi.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Meðal þess sem verður kynnt af afrakstri verkefnisins er samantekt nemenda frá málþingi þeirra þann 1. desember sl. Einnig er áætlað að gefa út tillögur þátttakenda í verkefninu um aðlögun að breyttu samfélagi og hvað við getum lagt af mörkum til þess.

Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um

Það var mjög ánægjulegt að vinna þetta verkefni. Aðkoma ólíkra aðila og ekki síst nemendanna sjálfra að verkefninu hafði mikla þýðingu fyrir það. Samvinna aðila varð til þess að aðilar voru vaktir til umhugsunar um breytt samfélag á Akranesi og velferð allra nemenda í grunnskólum.

Akranesi 22. desember 2011

Undirskrift verkefnisstjóra, Svala Hreinsdóttir

Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla, Hrönn Ríkharðsdóttir